

Þriðjudaginn 22. maí 1979.

Nr. 158/1978. **Stefán Sigurðsson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Ásmundi S. Jóhannssyni og

(Hákon Árnason hrl.)

Herði Jónssyni

(enginn).

Fjárnámsgerð og uppboð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Armann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Magnús P. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1978. Krefst hann þess, að felld verði úr gildi hin áfrýjaða fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 16. ágúst 1978, svo og hið áfrýjaða nauðungaruppboð, sem fram fór í uppboðsrétti Reykjavíkur 9. september 1978 á grundvelli greindrar fjárnámsgerðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti sér til handa.

Stefndi Ásmundur krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð og nauðungaruppboð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hörður hefur ekki komið fyrir Hæstarétt og enginn af hans hendi.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 1. nóvember 1976 í máli, sem Útvegsbanki Íslands höfðaði til heimtu skuldar samkvæmt vixli að fjárhæð 300.000 krónur, voru útgefandi vixilsins, Jón Steinn Eliasson, Hrísalundi 4 D á Akureyri, og vixilsamþykkjandinn, áfrýjandi máls þessa, dæmdir til þess óskipt að greiða sækjanda bæjarþingsmálsins vixilskuldina auk dráttarvaxta, afsagnarkostnaðar og málskostnaðar. Á endurrit af dóminum, sem frammi liggur í málinu í ljósriti, hefur hinn 15. júní 1978 verið rituð svofelld yfirlýsing Útvegsbankans:

„Dómkrafan er í dag að fullu greidd af Jóni Steini Elías-syni þannig:

Höfuðstóll	kr. 300.000,00
Dráttarvextir	— 132.000,00
Afsögn	— 1.900,00
Málskostnaður	— 43.900,00
Fjárnámskostnaður	— 28.100,00
	kr. 505.900,00

sem hér með kvittast fyrir og framselst hér með hr. Ásmundi Jóhannssyni hdl., Akureyri, án ábyrgðar af hálfu bankans.“

Samkvæmt áritun á hið framlagða dómsendurrit birtu stefnuvottar áfrýjanda dóminn hinn 22. júní 1978. Að svo búnu beiddist stefndi Ásmundur hinn 26. júlí 1978 fjárnáms hjá áfrýjanda samkvæmt dóminum sem framsalshafi dómkröfunnar. Fjárnám samkvæmt þeirri beiðni fór fram á heimili áfrýjanda að Brautarholti 22 hinn 16. ágúst. Var þá fjárnámi tekin bifreiðin R 8737, af gerðinni Datsun, árgerð 1974. Beiddist stefndi Ásmundur því næst hinn 24. ágúst uppboðs á hinn fjárnumdu bifreið. Var bifreiðin að kröfu hans seld á nauðungaruppboði 9. september 1978. Varð stefndi Hörður uppboðskaupandi bifreiðarinnar og kaupverð 1.200.000 krónur. Ekki var áfrýjandi viðstaddur, er nauðungaruppboð fór fram, en hann var þá erlendis.

Áfrýjandi færir fram þau rök fyrir dómkröfum sínum fyrir Hæstarétti, að aðfarargrundvöllur hafi verið fallinn niður, þegar fjárnámið fór fram, þar sem samskuldari hans hafi þá verið búinn að greiða dómskuldina, svo sem sýnt sé af kvittun þeirri, sem Útvegsbanki Íslands hafi ritað á dómsendurritið. Þá verði ekki séð af dómsgerðum, að reynt hafi verið að tilkynna sér um fjárnámssgerðina, og hafi hann enga slíka tilkynningu fengið. Loks bendir áfrýjandi á, að samkvæmt niðurlagsákvæði 6. gr. laga nr. 57/1949 hafi uppboðshaldara borið að tilkynna sér um uppboðsbeiðni, en ekki verði séð, að uppboðshaldari hafi rækt þá skyldu.

Jafnframt framansögðu hefur áfrýjandi skírskotað til

þess, að hann hafi verið erlendis 20. ágúst til 10. september 1978. Sér hafi því verið ókunnugt um framgang hins áfrýj-
aða fjárnáms og nauðungarupphöðs og eigi getað gætt rétti-
ar síns nema með áfrýjun.

Stefndi Ásmundur rökstyður kröfu sína um staðfestingu
hinna áfrýjuðu réttargerða á þann veg, að dómþolin Jón
Steinn Elíasson hafi gegnt erindi sínu, stefnda Ásmundar,
er hann greiddi umrædda dómskuld til Útvegsbanka Íslands,
en bankinn hafi framselt sér dómkröfuna að svo búnu. Sér
hafi því verið heimilt sem framsalshafa að leita fullnustu á
dóminum hjá áfrýjanda með fjárnámi og eftirfarandi nauð-
ungarupphöði.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt afrit af bréfi borgar-
fógetaembættisins í Reykjavík, dags. 17. ágúst 1978, en með
því er áfrýjanda tilkynnt um fjárnám í bifreið hans, R 8737.
Enn fremur yfirlýsing Jónasar Gústavssonar, aðalfulltrúa
yfirborgarfógeta, dags. 18. maí 1979, þess efnis, að áfrýj-
anda hafi verið tilkynnt á tíðkanlegan hátt í almennu bréfi
um nauðungarupphöð á bifreiðinni, áður en það fór fram.

Samkvæmt niðurlagi áðurgreindrar yfirlýsingar Útvegs-
banka Íslands framseldi hann stefnda Ásmundi kröfur þær,
sem hann átti samkvæmt dómi óskipt á hendur þeim Jóni
Steini Elíassyni og áfrýjanda máls þessa. Hinn fyrrnefndi
hafði þó þá þegar greitt bankanum dómskuldina að fullu
ásamt vöxtum og kostnaði að því er segir í sömu yfirlýsingu
bankans. Það leiddi þá til þess, ef rétt var, að krafa bank-
ans á hendur báðum dómþolum var þar með niður fallin.
Stefndi Ásmundur hefur að vísu staðhæft, að framangreint
fé hafi Jón Steinn goldið Útvegsbankanum í sínu nafni sem
framsalshafa dómkröfunnar, en ekki í eigin nafni sem dóm-
þoli. Þessa staðhæfingu hefur stefndi Ásmundur þó hvorki
stutt með vætti Jóns Steins Elíassonar, vætti starfsmanna
bankans, sem hlut áttu að máli, né öðrum gögnum. Sam-
kvæmt því og þegar litið er til orðalagsins í upphafi yfirlýs-
ingarinnar sjálftrar, verður framangreind staðhæfing ekki
talin nægilega sönnuð. Verður samkvæmt þessu ekki talið,
að framangreindur dómur hafi verið lögmætur grundvöllur

fyrir fjárnámi því, sem gert var í bifreið áfrýjanda. Ber því að fella fjárnámsgerðina úr gildi.

Þar sem hið áfrýjaða nauðungaruppboð fór fram samkvæmt ógildri uppboðsheimild, svo sem sagt var, ber einnig að fella uppboðið úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn verður 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð og nauðungaruppboð eru úr gildi felld.

Stefndu, Ásmundur S. Jóhannsson og Hörður Jónsson, greiði áfrýjanda, Stefáni Sigurðssyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógataréttar Reykjavíkur 16. ágúst 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 16. ágúst, var fógataréttur Reykjavíkur settur að Brautarholti 22, 2. hæð, nr. 3, og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A — 1550/1978: Ásmundur S. Jóhannsson héraðsdómslögmaður gegn Stefáni Sigurðssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 2176/1978 ásamt framsali.

Gerðarbeiðandi mætir og krefst fjárnáms fyrir kr. 300.000, kr. 132.000 vöxtum og 2% mánaðarvöxtum frá 15. júní 1978 af kr. 300.000 til greiðsludags, kr. 28.100 í fyrri fjárnámskostnað, kr. 1.900 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 1.900 í afsagnarkostnað, kr. 43.900 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 5.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Magngeir Jónsson, sem býr/starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt/greiða.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í bifreiðinni R 8737, Datsun, árgerð 1974.

Gerðarþola verður tilkynnt um fjárnámið með ábyrgðarbréfi. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur 9. september 1978.

Ár 1978, laugardaginn 9. september, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur að Stórhöfða 3 (Vökuportinu) og haldinn af aðalfulltrúa Jónasi Gústavssyni ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að selja á nauðungaruppboði bifreiðar og vinnuvélar eftir kröfu tollstjórans í Reykjavík, Gjaldheimtunnar, bæjarfógetans í Kópavogi, lögmanna, banka og stofnana.

Fram er lagt í réttinum beiðnir um uppboð, þingmerktar nr. 1—82 incl.

Nr. 1—3.

Fylgja með í ljósriti.

Uppboðið var auglýst í dagblaðinu Vísi svo og í Morgunblaðinu. Mættir eru . . ., fyrir Ásmund Jóhannsson héraðsdómslögmann er mættur Jónsteinn Elíasson . . .

Lesnir uppboðsskilmálar.

Uppboðið fór þannig.

Nr. 1, R 8737, talin eign Stefáns Sigurðssonar, Brautarholti 22, seldur eftir kröfu Ásmundar Jóhannssonar héraðsdómslögmanns.

Seldur fyrir kr. 1.200.000. Greitt.

Kaupandi: Hörður Jónsson, Birkigrund 54, Kópavogi, nafnr. 4473-9844.

Þá var fleira ekki selt.

Uppboðinu lokið.

Rétti slitið.
